


BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

BÆNDAHÖLLINN
PÓSTHÓLF 7080
SÍMI 19200



REYKJAVÍK, 13. mars 1989

Alþingi

Erindi nr. P 111/397

komudagur 15/3 1989

Landbúnaðarnefnd
neðri deilar Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Eftirfarandi ályktun Rúnaðarþings 1989 um friðun hreindýra sendist yður hér með að ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

"Búnaðarþing mælir með samþykkt Frumverps til laga um friðun hreindýra og eftirlits með þeim, með eftirfarandi breytingum:

2. grein

Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón þeirra mála, sem læg þessi taka til.

3. gein

Við embætti Veidistjóra verði skipadur umsjónarmaður með líffrædimenntun eða sambærilega menntun til þess að hafa efirlit með friðun og veiði hreindýra eftir því sem fyrir er mælt i lögum þessum.

4. grein

Umur málsgrein orðist svo: Búnaðarsamband Austurlands 2, Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssyslu 1, Náttúruverndarsamtök Austurlands 1, Náttúruverndarráð 1.

Nefndarmenn skulu allir vera búsettir á Austurlandi.

5. grein

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið ræður að fengnum tillögum sveitastjórna og umsjónarmanns, eftirlitsmann í hverju sveitarfélagi þar sem hreindýr ganga.

8. grein

Þridja málsgrein falli niður.

Í 4. málsgrein þar sem segir: "Tekjum af sölu veiðileyfa, sem hreindýranefnd úthlutar, skal varði til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna", falli niður.

Vardandi greinargerð með 7. grein frumvarpsins tekur Búnaðarþing fram eftirfarandi: Því aðeins er fallist á sjónarmið greinargerðar um skilnað veiðiréttar frá landeign að átt sé við að hann sé bundinn við þann tímum, sem friðunarlög eru í gildi, en veiðiréttur endurheimtist ef þau falla niður. Því er mótmælt, að lögskipuð friðun geti myndað hefð eins og hér er rætt um.

G R E I N A R G E R D:

Rökstuðningur við breytingartillögur:

2. grein. Hér er lagt til að landbúnadarráðuneytið taki við yfirumsjón með þessum málauflokki. Búnaðarbíng hefur áður ítrekað ályktar að þá leið. Hánast mun hafa verið tilvilkjun á sinum tíma að menntamálaráðuneytið tók hreindýrin í sina umsjá. Hreindyrastofninn er haldinn þvert á allan eignarrétt, í heimalöndum og afréttum benda. Því er eðlilegt að líta á nytjar hans sem hiunnindi bújarða þar sem veiði er von, ef ekki koma til þessi friðunarlög. Slik málefni falla eftir eðli sinu undir landbúnað.
3. grein. Eðlilegt er að veiðistjóraembættið fari með mál af þessu tagi, með góðri samvinnu við Náttúrufræðistofnun um rannsóknarþáttinn. Sú stofnun mun starfa fyrst og fremst að grunnrannsóknum en veiðistjóri fæst við skyld verkefni og hér um ráðir. Það embætti heyrir undir landbúnadarráðuneytið. Í lögum um eyðingu refa og minka er gert ráð fyrir að fela megi "veiðistjóra vernd og yfirumsjón hreindyrastofnsins".
4. grein. Búnaðarbíng er sammála þeirri stefnu frumvarpsins að hreindyraneftnd skipi menn sem heima eiga í Austurlandskjördæmi. Hér er lagt til að þeir séu fremur valdir af búnadarsamböndum þeim sem þar starfa, en sveitarfélögum, þar eð eðlilegra virðist að sveitafólk, sem mest þarf að búa við návist dyranna, hafi hér áhrif, fremur en þéttbylisbúar, sem miklu verða ráðandi í samstarfi sveitarfélaga. Náttúruverndarmenn á Austurlandi munu væntanlega veljast í nefndina hvort heldur tilnefnt er af Náttúruverndarráðinu eða félagskap þeirra sjálfrá. Ekki verður með neinu móti séð að Skotveiðifélag Íslands sé eðlilegur aðili að þessu málí.
5. grein. Sjá athugasemd við 2. grein að því er varðar tilgreint ráðuneyti.
Þá þykir rétt að sveitarstjórnir hafi hönd i bagga um val eftirlitsmanna.
8. grein. Lagt er til að 3. málsgrein falli niður, en í henni er gert ráð fyrir gjaldtöku af veiðileyfum og felldum dyrum.
Með lögum þessum er ákvæðið að hreindyrastofninn sé friðaður og aðeins fargað úr honum skipulega eftir því sem þörf krefur hverju sinni til að viðhaldar tilstætluðu jafnvægi. Þjóðin vill ekki missa þessa hugbækku dyrategund úr landinu. Viðhald hennar kostar það hinsvegar að hún verður sett ofan á eigendur og ábúendur heimalanda og afréttu í vissum landshluta. Með lögum eru gerðar ráðstafanir til að skipta veiðihlut milli sveitarfélaga eftir því

sem þau standa undir stofninum með heit i högum sinum, að beztu manna yfirsyn. Verður að telja það réttláta lausn. En fráleit krafa er það og er algerlega mótmalt, að menn eigi að kaupa veiðileyfi í sinum eigin ländum í ofanálag á það að halda stofninum uppi."

Bess er v恩st að bér kynnið yður ályktun bessa og styðjið sjónarmið Búnaðarþings í bessu efni.

Virðingarfyllst


Jónas Jónasson

JJ/ák

Alyktunin sendi:

Menntamálaráðherra
Landbúnaðarráðherra
Menntamálaneftnd efri d. Alþingis
Menntamálaneftnd neðri d. Alþingis
Landbúnaðarneftnd efri d. Alþingis
Landbúnaðarneftnd neðri d. Alþingsi